



Reykjavíkurborg

Bók verður til



Anna Ben Blöndal

Halldóra Sigtryggsdóttir

Innihald

1. Inngangur.....	2
2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd.....	2
3. Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra.....	4
4. Mat á verkefninu.....	4
5. Greinargerð um notkun styrkjár.....	4
6. Kynning.....	4
Fylgiskjöl.....	5

1. Inngangur

Í aðalnámskrá leikskóla segir “Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.” Mikilvægt er að öll börn fái stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu til að byggja upp skapandi og gagnrýna hugsun, og tækifæri til að læra í gegnum leik og daglegt starf.

Í þessu verkefni munu börnin vinna saman undir leiðsögn kennara að því að semja, skrifa, myndskreyta og framleiða bók. Í vinnunni verður lögð áhersla á að börnin fái tækifæri til að:

- æfa samvinnu sín á milli og þroska félagsfærni
- fá útrás fyrir sköpunargleði í nýju viðfangsefni
- njóta þessa að hlusta á og semja sögur, ljóð og ævintýri
- kynnast tungumálinu og möguleikum þess
- efla sjálfsmynd með því að skapa sjálf og framleiða bókina

Börnin semja sögu og teikni myndir sem verða að bók. Markmiðið er að auka áhuga barna á læsi, læra hvernig bækur verða til, hvaðan koma stafirnir og verða að orðum.

Í verkefninu er sýnt fram á að allir geti lagt eitthvað að mörkum og þegar við vinnum saman þá verður til bók. Flest börnin hafa verið í leikskólanum frá tveggja ára aldri og er hugmyndin að ljúka leikskólagöngunni með þessu verkefni.

2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

2.1

Í febrúar 2018 hlaut leikskólinn Drafnarsteinn styrk frá þróunarsjóði skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur til þess að þróa aðferð við að búa til bók með elstu börnum leikskólans.

Leikskólinn Drafnarsteinn er 120 barna, 6 deilda skóli, í þremur húsum staðsettum við Seljaveg 12 og Drafnarstíg 4.

Í leikskólanum hafa tvær elstu deildarnar unnið saman síðastliðin 3 ár, og ákváðu deildarstjórar þessa tveggja deilda að sækja um þennan styrk í kjölfar þeirrar samvinnu og vinna saman. Leikskólastarf er þó sjaldan það auðvelt að plön standi frá mánuði til mánaðar og að hausti þurfti að breyta fyrirkomulagi deildanna, þannig að það var aðeins ein elsta deild.

Það var því tekin ákvörðun um að halda vinnunni áfram en að deildarstjóri yngri deildar kæmi inn í starfið einu sinni til tvisvar í viku með deildarstjóra elstu deildar, þar sem upphaflega var þetta skráð samvinnuverkefni þeirra.

Verkefnið einskorðaðist að þessu sinni við elstu börnin og þessa tvo deildarstjóra, Halldóru Sigtryggisdóttur og Önnu Ben Blöndal.

2.2

Í leikskólanum Drafnarsteini leggjum við mikið upp úr því að skapa ríkt og gefandi málumhverfi þar sem áhersla er lögð á mál og málörvun og börnum er kennt kjarngott íslenskt mál, hvort heldur sem fyrsta, annað eða þriðja tungumál barnsins. Við vinnum með málörvunarefnið *Ótrúleg eru ævintýrin*, sem er námsefni um heildstætt nám. Meginmarkmið þess, er að kynna börnum þjóðsögur og ævintýri með fjölbreyttum og innihaldsríkum orðaforða. Einnig nýtum við okkur sagnahefð, fréttir og frásagnir. Við tengjum sögurnar öðrum sögum og verkefnum og náum á þann hátt inn á öll námssvið leikskólans.

2.3

Við byrjuðum á að setja niður gróft plan á hvernig við vildum sjá fyrir okkur verkefnið verða. Hvað væri sniðugt og hugmyndir um röðun á hópum. Við skipulögðum vettvangsferðir, heimsóknir rithöfunda, ferðir á Borgarbókasafnið og um nágrennið.

Til að byrja með vorum við með 20 börn, með 7 tungumál, sem að lokum fóru niður í 16 börn og þá 6 tungumál. Við skiptum þeim upp í tvo hópa og síðan þeim í aðra tvo. Þannig gátum við unnið með færri og fleiri eftir því hver verkefnin voru.

Ákveðið var í byrjun að hittast tvisvar í viku og gert var ráð fyrir að hvert barn fengi að lágmarki 45 mínútur á viku í tengslum við þessa vinnu. Misjafnt var hvort unnið var í litlum, stærri eða stórum hópum.

Börnin fengu mismunandi forskriftir þannig að hljómgrunnur sagnanna væri mismunandi. Þau fóru í eftirlitsferðir um nágrennið og tóku ljósmyndir og fengu ljósmyndir úr tímaritum (National Geographic) sem tilraun til að reyna að auðga hugmyndaflugið. Það var leikið með leir og teiknaðar myndir, sem síðan urðu að sögum. Við hlustuðum á ólka texta í lögum og veltum fyrir okkur um hvað lögin fjalla eftir ólíka höfunda. Við prófuðum að hugsa um orð sem okkur langaði að hafa í okkar texta og leituðum svo á youtube og spotify að lögum sem komu upp þegar við slógum inn orðin í leitarvélina.

Í október kom til okkar rithöfundurinn Eyrún Ósk Jónsdóttir í heimsókn með verkefni tengt því hvernig saga verður til. Hún sagði þeim sögu og sýndi þeim hvernig hugmyndir geta orðið og hvernig nýta megir þær til sagnagerðar.

Um áramót þurftum við að breyta skipulaginu og vera einu sinni í viku með hópana. Tímalengd þeirra breyttist þó ekki. Í febrúar kom Bragi Valdimar Skúlason tónskáld og rithöfundur í heimsókn. Hann las fyrir börnin eigin þýðingu, spjallaði og svaraði spurningum. Rætt var um hvernig hugmynd verður að texta í lagi eða bók.

Farið var í heimsókn hjá Forlaginu, fengum að heyra um bókabúðina, bókaútgáfuna og skoðuðum lagerinn ásamt búðinni sjálfri.

Börnin fengu sína eigin sögubók. Þar fengu þau að túlka og tjá sig eins og þeim sýndist. Skrifaðar voru sögur og ljóð og teiknaðar myndir við. Þegar sú vinna var

komin ágætlega af stað ákváðum við að hver fjögurra barna hópur myndi skrifa ljóð og sögu saman sem færu í bókina.

Stundum gekk planið upp og stundum féll það algjörlega um sjálf sig. Það hafa orðið ýmsar breytingar á leiðinni en lokapunkturinn er alltaf sá sami, að búa til bók.

3. *Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra*

Vinnan við verkefnið hefur einskorðast við elstu börn leikskólans og starfsfólk tengt þeim. Verkefnastjórar hafa sagt frá verkefninu og vinnunni með börnunum. Það hefur fléttast inn í námsefni elstu barna og stefnt er að því að þetta verði útskriftarverkefni þeirra. Gaman væri ef sú þróun gæti haldið áfram og verkefnið um sögugerð og textagerð myndi verða partur af þeirri námsefni sem elstu börnin vinna á síðasta ári sínu í leikskóla.

Unnið er með námsefnið „Ótrúleg eru ævintýrin“ á öllum deildum skólans og er partur af þeirri vinnu endursagnir og frásagnir barnanna sem eru skrifaðar niður öll árin sem þau eru í leikskólanum. Verkefnið „Bók verður til“ gæti orðið fastur liður í þessari vinnu og því væri gaman ef öll börnin semdu sögu sem gefin yrði út við lok leikskólagöngu þeirra.

4. *Mat á verkefninu*

Allt starfsfólk skólans veit af þróunarverkefninu en það var einungis unnið af fáum kennurum. Börnin sýndu verkefnavinnunni mikinn áhuga og fannst spennandi að taka þátt í því. Þau voru áhugasöm og spurul bæði þegar við fengum gesti og þegar unnið var í hópum. Við teljum markmiðum náð sem við lögðum upp með, að auka áhuga barna á læsi, læra hvernig bækur verða til, hvaðan koma stafirnir og verða að orðum.

5. *Greinargerð um notkun styrkjár*

Styrknum var ráðstafað í prentun á bókum barnanna, efniskostnað vegna vinnu vetrarins, launagreiðslur verkefnastjóra, launagreiðslur til þýðenda og launagreiðslur til rithöfunda.

6. *Kynning*

Enn sem komið er hefur verkefnið eingöngu verið kynnt í leikskólanum sjálfum. Við munum prenta aukaeintak af bókinni til að eiga fyrir kynningar

Fylgiskjöl

Hjálagt fylgja kvittanir.

Reikningar fyrir launagreiðslum fara á launadeild Reykjavíkurborgar.